



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

SAMÚÐARKVEÐJA TIL KANADAMANNA

Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson sendi í dag, þriðjudaginn 21. apríl 2020, samúðarkveðju sína og íslensku þjóðarinnar til landstjóra Kanada í tilefni af hinum hörmulegu skotárásum í Nova Scotia þar í landi, mannskæðasta ódæði af því tagi í sögu landsins.

Forseti sagði að hugur Íslendinga væri hjá íbúum Kanada á þessari sorgarstundu. Forseti vottaði þeim samúð sem nú sakna ástvina sinna og óskaði þeim, sem særðust í viðureign við ódæðismanninn, góðs bata. Þá minnti forseti á að Íslendingar og Kanadamenn glímdu nú eins og aðrir við veiruna skæðu og þá kæmu til góða þeir kostir sem einkenndu þessar þjóðir, þrautseigja, seigla og samstaða.

21. apríl 2020

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).